

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Borgarholtsskóla

Í stefnuskrá Borgarholtsskóla koma fram helstu markmið og mælikvarðar sem skólinn setur, sjá: [http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/stefnuskra/\(6.2.2013\)](http://www.bhs.is/skolanamskra/stjorn-og-stefna/stefnuskra/(6.2.2013)).

Borgarholtsskóli rækir hlutverk sitt í samræmi við markmið sem leidd eru af framtíðarsýn skólans: <http://www.bhs.is/media/namskra/Stefnuskra-BHS-samthykkt-a-starfsmanna--og-kennarafundi-4.-januar-2012---ENDANLEG.pdf> (6.2.2013).

a. Markmið

Innleiðing

Á skólasamningstímabilinu 2013-2016 verður ný menntastefna komin í framkvæmd í Borgarholtsskóla.

Ný stefnuskrá skólans, sem samþykkt var í byrjun árs 2012, er leiðandi í ferlinu.

- a. **Skólaárið 2012-2013** eru framhaldsskólabraut, fyrra ár, og þjónustubrautir tilraunakenndar. Unnið er að því að setja lotur í bílgreinum á rétt þrep samkvæmt nýrri menntastefnu. Auk þess er unnið að undirbúningi tilraunakennslu námsbrauta sem verða kenndar á næsta skólaári.
- b. **Skólaárið 2013-2014** verður fyrsta ár bóknáms og listnáms og grunndeilda málm- og biliðngreina tilraunakennt. Ný eins árs braut verður boðin í stálsmíði / málm-smíði. Fyrsta ár sérnámsbrautar verður tilraunakennt. Annað ár á framhaldsskólabraut verður tilraunakennt. Enn fremur verður listnám í dreifnámsformi á fjórða þrepi tilraunakennt og sama er að segja um verslunarbraut í dreifnámsformi.
- c. **Skólaárið 2014-2015** verður annað ár ofangreindra námsbrauta, utan framhaldsskólabrautar, tilraunakennt. Á verklegum námsbrautum eru minni breytingar enda námið hæfnismiðað en skipulagið verður aðlagð breytingum nýju laganna.
- d. **Skólaárið 2015-2016** verður heildarnámskrá skólans komin í námskrárgrunn og í framkvæmd eins og framhaldsskólalög gera ráð fyrir. Tilraunin skoðuð og metin.

Ný skólanámskrá verður til samhliða innleiðingarferlinu.

Stuðningur við nemendur / Brotthvarf

- a. **Umsjónarkerfið** verður eftt með því að nemendur hafi sama umsjónarkennarann fyrstu tvö árin í stað eins árs nú. Áhrifin verða mæld í innra mati nemenda í byrjun árs 2014.
- b. **Brotthvarf** verður undir 10% í lok samningstímans og mun skólinn skrá

Áætluð verklok í lok vorannar 2013.

Styrkir til eflingar starfsmenntunar:

- **Þjónustubrautir**. 1.940 þús. kr. styrkur til að þróa vinnustaðanám í samvinnu við Starfsmennt, Ás, Klettaskóla, Örva og SFR . Áætluð verklok 1. sept 2013.
- **Framhaldsskólapróf og sérnámsbraut**. 1950 þús. kr. styrkur til að þróa vinnustaðanám fyrir seinni hluta framhaldsskólaprófs og sérnámsbraut. Áætluð verklok 1.sept 2013.
- **Málm- og bíliðgreinar** hljóta kr. 1.900 þús. kr. styrk til að skipuleggja samræmt grunn nám í málm- og bíliðgreinum í samstarfi við Samtök iðnaðarinn og FIT, iðn- og tæknigreinar. Áætluð verklok 1.sept. 2013.
- **Stál- og blikksmiði**, 2.000 þús. kr. styrkur til að endurskoða námskrá í stál- og blikksmiði í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Félag blikksmiðjueigenda. Áætluð verklok 1. sept. 2013.
- **Vélvirkjun og rennismíði**, 2.000 þús. kr. styrkur til að endurskoða námskrá í rennismíði og vélvirkjun í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Marel. Verklok áætluð 1. sept.2013.

Sprotasjóður

- **Diplómanám í margmiðlun**, 2.000 þús. kr. framhaldsstyrkur til að þróa diplómanám á 4. þrepi í dreifnámsformi. Áætlað að tilraunakenna það haustið 2013. Áætluð verklok haust 2013.
- **Frumkvöðlar í Borgarholtsskóla**, 3.500 þús. kr styrkur veittur til að þróa þverfaglegan áfanga. Áætluð verklok haust 2014.
- **Lýðræði í verki**, 1.000 þús. kr. styrkur veittur. Áætluð verklok Vor 2013.

Verkefnasjóður skólasamninga

- **Gæðastefna Borgarholtsskóla**, styrkur veittur til að þróa gæðastefnu og gæðahandbók með starfslýsingum, ferlum o.fl. 1.000 þús. Áætluð verklok vor 2013.